

Félag stjúp fjölskyldna
Valgerður Halldórsdóttir
Merkurgötu 2b
220 Hafnarfirði

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/1710
komudagur 21.4.2006

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 REYKJAVÍK

EFNI: Þingsályktunartillaga um stöðu hjóna og sambúðarfólks

Stjórn Félags stjúp fjölskyldna telur tillögu til þingsályktunar um stöðu hjóna og sambúðarfólks (þskj. 69 – 69. mál) áriðandi, en leyfir sér skv. erindi félagsmálanefndar Alþingis dags. 5. apríl sl. um umsögn um tillöguna að gera eftirfarandi athugasemdir:

Stjúp fjölskyldur eru nánast ósýnilegar í opinberum gögnum og sérstaða þeirra vill gleymast við athuganir eins og þá sem að er stefnt með umræddri þingsályktunartillögu. Því er almennt lagt til að stjúp fjölskyldna sé getið í tillögunni, t.a.m. með eftirgreindum hætti:

Nefndin kanni einnig hvernig styrkja megi stöðu hjóna og sambúðarfólks, bæði svonefndra kjarna fjölskyldna og stjúp fjölskyldna, í framangreindu tillit.

Erlendar rannsóknir sýna að skilnaðartíðni er mun meiri í stjúp fjölskyldum, þar sem hjón eða sambúðarfólk eiga börn af fyrri samböndum, en í kjarna fjölskyldum, þar sem kynforeldrar barnanna búa saman. Jafnframt sýna tölur frá Bretlandi að stjúp fjölskyldur séu almennt stærri en aðrar fjölskyldugerðir. Sambærilegar tölur eru ekki til hér á landi.

Ástæða er til að kanna skilnaðartíðni stjúp fjölskyldna á Íslandi og hvort efnahagsleg staða hafi áhrif á hana.

Fulltrúar Félags stjúp fjölskyldna lýsa sig reiðubúna til að veita frekari upplýsingar ef þurfa þykir og koma á fund félagsmálanefndar ef þess er óskað.

Hafnarfirði, 17. apríl 2006

Valgerður Halldórsdóttir,
formaður Félags stjúp fjölskyldna